

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 07.07.2020, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS). Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Gunnar Berg Viktorsson (GBV).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Fundargerð síðasta aðalstjórnarfundar lögð fram til samþykktar.

Niðurstaða: samþykkt.

2. **Fjármál**

1. Farið var yfir fyrstu drög að 6 mánaða uppgjöri afreksflokka félagsins. Ítarlegri yfirferð verður á rekstri allra eininga félagsins á fundi aðalstjórnar í ágúst þegar 6 mánaða uppgjör allra eininga liggur fyrir, samhliða því að tekin verður ákvörðun um skiptingu á styrk frá ÍSÍ vegna skerðingar á starfsemi félagsins á vormánuðum vegna Covid-19.

2. SG og ÁIP óskuðu eftir samþykki stjórnar á undirskrift stjórnarmanna og samþykki þeirra fyrir að vera skráðir sem raunverulegir eigendur Stjörnunnar hjá RSK, líkt og nýjar reglugerðir gera kröfu um. Senda þarf inn ósk um breytingu eftir að breytingar urðu á stjórnarmönnum eftir Aðalfund félagsins sem fram fór í maí síðastliðnum.

3. Beiðni handknattl.deildar fyrir kreditkort vegna auglýsinga á samfélagsmiðlum var tekin fyrir og samþykkt sem tilraun á framkvæmd. **Niðurstaða:** Útbúið verður kreditkort með úttektarheimild að fjárhæð 80 þús. kr. sem aðeins má nota í því skyni að auka „sýnileika“ auglýsinga á samfélagsmiðlum. Framkvæmdastjóra falið að koma málinu í ferli.

4. ÁIP lagði til að æfingagjöld fyrir veturinn 2020-21 myndu fylgja hækkun vísitölu neysluverðs líkt og undanfarin ár. **Niðurstaða:** samþykkt.

5. Úthlutun á styrk frá ÍSÍ

var frestað til næsta fundar þar sem ekki hafa komið svör frá ÍSÍ við umsókn félagsins.

Teikin var umræða um fjármálstrúktúr félagsins, IHR spurðist fyrir um forsendur skiptingar hvernar deildar í þrjár einingar fjárhagslega. ÁIP fór yfir hugmyndafræðina á bak við þá ákvörðun á sínum tíma þegar félagið varð fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Eins var velt upp spurningum sem snúa að skipulagi afrekssjóðs og hvar við viljum standa með meistaraflokka kvenna sem virðast eiga á brattann að sækja við söfnun á fjármunum í rekstur sinn. **Niðurstaða:** Stjórnin telur rétt að sú nefnd sem skipuð hefur verið til að rýna í fjármál félagsins taki þessi mál til frekari skoðunar.

3. **Umboð**

1. SG óskaði eftir samþykki aðalstjórnar til að veita SG, IHR og

ÁIP umboð til að ganga til samningaviðræðna við Garðabær v/reksturs á TM

höllinni. **Niðurstaða:** Samþykkt

2. SG óskaði eftir samþykki aðalstjórnar til að veita SG og ÁIP umboð til að klára samninga við

FG um afreksakademíu Stjörnunnar og FG. **Niðurstaða:** Samþykkt

4. **Lyftingadeildin**





1. ÁÍP fór yfir málefni lyftingadeildar Stjörnunnar sem hefur nú fengið miðjuhæð Ásgarðs úthlutaða fyrir starfsemi sína. Verið er að skoða samstarf milli deildarinnar og annarra deilda og hvernig best sé að háttá greiðslum fyrir slíkt þar sem deildin hefur sjálf staðið undir kostnaði á öllum tækjabúnaði hingað til.

5. **Skipan í ráð**

1. SG ræddi skipan formanns Æskulýðs- og forvarnarráðs Stjörnunnar en fáar tillögur hafa borist frá deildunum í þetta ráð. **Niðurstaða:** Frestað um tíma eða þar til starfsemi þorra deildanna er komin á fullt aftur eftir sumarfrí.

2. Skipan formanns undirbúningsnefndar um tónlistar- og matarhátíð, **Niðurstaða:** SG og ÁÍP taka málið áfram.

6. **Önnur mál**

1. ÁÍP fór yfir breytingar sem eru að eiga sér stað á starfsmannahaldi félagsins en Sigurði Þórðarsyni skrifstofustjóra hefur boðist starf innan KSÍ. Eins hefur knattspyrnudeild verið án starfsmanns frá áramótum vegna niðurskurðar og þá standa breytingar yfir hjá körfuknattleiksdeild. Kallar þetta á tækifæri til endurskipulagningar á verkefnum. **Niðurstaða:** ÁÍP og SG munu leggjast yfir þær breytingar og koma með kynningu á slíku til stjórnar á næsta fundi. Eins hefur ÁÍP óskað eftir tilboði frá Maninon til að koma að vinnu með skrifstofunni í að yfirfara verkferla í von um aukna skilvirkni og skýrari stúrkúr innan skrifstofunnar.

7. **Kynning frá handboltadeild**

1. Fulltrúar stjórnar handknattl.deildar komu á fundinn og kynntu fyrir aðalstjórn tillögu um notkun á Stjörnumerkinu á nýjum keppnisvelli í TM höllinni. **Niðurstaða:** tillagan var samþykkt.

2. Einnig kynntu þau fyrir aðalstjórn teikningar á stækkun TM hallarinnar sem gæti nýst bæði Stjörnunni og skólahaldi í FG.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:15, ÁÍP

